

Samningur

félags- og vinnumarkaðsráðuneytis við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum um fjárframlag á grundvelli fjárlaga til rekstrar miðstöðvarinnar

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, kt. 521218-0610, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, kt. 560298-2349, í samningi þessum nefnd MSS, gera með sér svofelldan samning.

1. Markmið og starfsemi

Meginmarkmið með samningi þessum eru að MSS mun vinna að markmiðum laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Suðurnesjum, greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa laganna. Námsþjónustan, sem skilgreind er í lögum um framhaldsfræðslu, og skal veitt og þróuð í samstarfi, meðal annars við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila. MSS skal vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu á Suðurnesjum vegna framhaldsfræðslu og veita nemendum á öðrum skólastigum þá þjónustu eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Fjárframlag ríkisins til samnings þessa er í samræmi við fjárlög fyrir árið 2022 annars vegar og fjárlög fyrir árið 2023 hins vegar. Heildarfjárframlag til MSS er 39,1 m.kr. fyrir árið 2022 að meðtöldu viðbótarframlagi ársins.
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti samningsaðila vegna samningsins við fjármálaráðuneyti og Alþingi. Ráðuneytið mun beita sér fyrir því að fjárframlag á grundvelli samningsins verði í samræmi við 2.1. gr. samningsins á árinu 2023 með fyrirvara um að MSS standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Gerður er fyrirvari um hugsanlegar aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga fyrir árið 2023 og á MSS ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt fjárframlag á grundvelli samningsins verði lækkað eða fellt niður á árinu 2023.
- 2.3. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til MSS á grundvelli samningsins fyrir árið 2023, frá því sem kveðið er á um í 2.1 gr. samningsins, taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrar MSS miðað við breytta fjárveitingu.
- 2.4. Fjárframlag ríkisins samkvæmt samningi þessum tekur breytingum samkvæmt verðlagsuppfærslu fjárlaga.
- 2.5. MSS starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt 4. mars 2020.
- 2.6. MSS starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni en einnig, eftir því sem við á, eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins, svo sem lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015.
- 2.7. Forsenda fjárframlags til verkefna á sviði framhaldsfræðslu á grundvelli samnings þessa er að MSS hafi viðurkenningu sem fræðsluaðili skv. 7. gr. laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010.

3. Ábyrgð MSS

- 3.1. MSS ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að starfsemin uppfylli kröfur um fagmennsku og gæði. MSS skal leggja fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. MSS ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. MSS er óheimilt að:
 - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 3.3.2. Framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila eða setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997.

4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir fjárframlag sem hér segir:
 - 4.1.1. Í tólf jöfnum hlutum og skal greitt fyrsta virka dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka MSS.
- 4.2. MSS skilar ráðuneytinu:
 - 4.2.1. Fyrir lok febrúar hvort ár áætlun um rekstur og breytingar á efnahag ásamt starfsáætlun þar sem fram komi meðal annars hvernig áætlað er að ráðstafa fjárframlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að og
 - 4.2.2. fyrir lok júní hvort ár endurskoðuðum ársreikning ársins á undan með skýringum. Í ársreikningi skal sundurliða tekjur frá opinberum aðilum. Jafnframt skulu ársreikningur og ársskýrsla send Ríkisendurskoðun.
- 4.3. Eigi MSS í viðskiptum við lögaðila sem hún á eignarhlut í eða er í eigu fjárhagslega tengdra aðila, svo sem stjórnenda hennar eða annarra aðila, skulu viðskiptin fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fulltrúar ráðuneytis og MSS halda að lágmarki einn fund um samninginn hvort ár.
- 5.3. Fyrir lok júní hvort ár skilar MSS ráðuneytinu ársskýrslu þar sem meðal annars er fjallað um framkvæmd samningsins og hvernig fjárframlagi var ráðstafað í samanburði við áætlanir.
- 5.4. MSS skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.5. MSS veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það telur sig þurfa vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstökum þáttum í framkvæmd samningsins. Í því skyni afhendir MSS ráðuneytinu gögn og veitir upplýsingar sem máli skipta vegna athugana, úttekta eða eftirlit ráðuneytisins, svo sem afrit af fundargerðum stjórnar, útprentun eða samantekt úr bókhaldi og afrit af öðrum gögnum sem sannarlega eru nauðsynleg vegna athugana, úttekta eða eftirlits

ráðuneytisins. Gæta skal trúnaðar um upplýsingar sem leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, svo sem um persónugreinanlegar upplýsingar um viðskiptavinum MSS.

- 5.6. Samningur þennan, ársreikningur og ársskýrsla MSS sem og úttektarskýrslur skal birta á vef MSS jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.7. MSS setur á vef sinn ýmis gögn, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og niðurstöður tilrauna- og þróunarverkefna sem unnin hafa verið á hennar vegum.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. MSS tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef hún telur vafa leika á um að miðstöðin geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir MSS frá úrræðum sem miðstöðin hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr fjárframlagi, stöðva greiðslur og endurkrefja MSS um greiðslur uppfylli MSS ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2023.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor samningsaðila að gerður verði nýr samningur eftir gildistíma samnings þessa skal hann koma því á framfæri fyrir lok ágúst 2023.
- 7.4. Óski annar hvor samningsaðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.